Borgarráð

Reykjavík, 9. nóvember 2026
MSS25100071

Erindisbréf - Samninganefnd til að semja við lóðarhafa bensínstöðvalóða

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf samninganefndar til að semja við lóðarhafa bensínstöðvalóða. Nefndin hefur frest til 30.apríl 2027 til að skila tillögum að samningum.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Erindisbréf: Samninganefnd til að semja við lóðarhafa bensínstöðvalóða dags. 20.október 2026.

Reykjavík

MSS25100071

ERINDISBRÉF
Samninganefnd til að semja við lóðarhafa bensínstöðvalóða

Ábyrgðaraðili:
Borgarstjóri.

Inngangur
Á fundi borgarráðs 16. október 2025 var kynnt úttekt IER, dags. 13. október 2025, *Samningaviðræður við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða.* Á sama fundi samþykkti borgarráð að vísa 12 úrbótatillögum IER í úttektinni til sviða og skrifstofa innan Reykjavíkurborgar til frekari málsmeðferðar.
Samkvæmt 1. úrbótatillögu var lagt til að borgarlögmaður meti lagalega hvort samkomulög Reykjavíkurborgar við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða frá júní 2021 og febrúar 2022 samrýmist reglum um samkeppni og ríkisaðstoð. Í kjölfar slíkrar greiningar skuli taka afstöðu til þess hvernig niðurstöðurnar kunna að hafa áhrif á ákvarðanir um frekari uppbyggingu á þeim bensínstöðvalóðum þar sem veittar ívilnanir hafa ekki enn komið til framkvæmda.
IER telur að hin sérstöku samkomulög við lóðarhafa ekki hafa falið í sér endanlegar ákvarðanir um uppbyggingu eða byggingarheimildir og því hafi flest samkomulögin ekki enn leitt til ívilnana sem kynnu að brjóta gegn reglum um ríkisaðstoð eða jafnræði. Þó er bent á að samkomulögin hafi gengið skemur en samningsmarkmiðin gerðu ráð fyrir og einnig hafi skort lagalegar greiningar á mögulegri ívilnun, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem samið var um breytta nýtingu á bensínstöðvalóðum sem voru með útrunna samninga.

Helstu verkefni samninganefndar:
- Að semja við lóðarhafa bensínstöðvalóða um uppbyggingu lóðanna og endurgjald á markaðsvirði fyrir aukinn og breyttan byggingarrétt lóðanna, ásamt nýjum lóðarleiguréttindum.

Samninganefndina skipa:
- Óttar Pálsson, formaður
- Ebba Schram, borgarlögmanni (BLÖ)
- Bjarki Rafn Eiríksson, fjármála – og áhættustýringarsvið (FAS)
- Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði (USK)

Starfsmaður samninganefndarinnar:
- Oddrún Helga Oddsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði (USK)

Til ráðgjafar og samstarfs:
Starfshópurinn leiti til annarra sérfræðinga innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu eins og þurfa þykir.

Reykjavík

Starfstímabil og skil:
Nefndin gerði ábyrgðarmanni grein fyrir stöðu viðræða þann 1.nóvember sl. og mun skila tillögum að samningum fyrir 30.apríl 2027 vegna þeirra lóða þar sem samkomulag hefur náðst, auk tillagna um frekari meðferð annarra mála.

Reykjavík, 20.október 2026



Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Reykjavík